

**AUGLÝSING**  
**um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra vegna efnistökusvæðis**  
**í landi Grafar og Varmadals.**

Skipulagsstofnun staðfesti 9. júní 2022 breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 sem samþykkt var í sveitarstjórn 11. nóvember 2021.

Í breytingunni felst stefna um efnistökusvæði (E123) í Tröllkonugili í landi Grafar og Varmadals þar sem heimilt verður að taka allt að 50.000 m<sup>3</sup> af mól á um 2,5 ha svæði.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 9. júní 2022.*

F.h. forstjóra,

**Ólafur Árnason.**

—————  
B-deild – Útgáfudagur: 24. júní 2022